

Reglur Ísafjarðarbæjar um úthlutun styrkja til menningarmála

1. Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki sem koma að menningarviðburðum í Ísafjarðarbæ.
2. Styrkir sveitarfélagsins geta aldrei verið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi alls kostnaðar. Styrkur Ísafjarðarbæjar til einstaks verkefnis getur almennt ekki verið hærri en 250.000 kr., en bæjarstjórn getur breytt því hámarki við gerð fjárhagsáætlunar.
3. Styrkjum skal úthlutað tvisvar á ári, að vori og að hausti, og skal óskað eftir umsóknum á heimasíðu bæjarins með a.m.k. 2 vikna fyrirvara. Styrkbeiðnir sem berast á tímabilinu 16. september t.o.m. 15. mars eru afgreiddar í apríl, en beiðnir sem berast á tímabilinu 16. mars t.o.m. 15. september eru afgreiddar í október. Öll verkefni sem fara fram á árinu geta sótt um styrki þó svo að verkefnið sé hafið eða því lokið þegar úthlutun verkefnastyrkja fer fram.
4. Með umsókninni verður að fylgja lýsing á verkefninu með verkáætlun og tímasetningum, fjárhagsáætlun og upplýsingar um aðstandendur. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Þær skulu pósthimplaðar eða sendar með tölvupósti eða símbréfi eigi síðar en síðasta umsóknardag.
5. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.
6. Ísafjarðarbær mun ekki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyрки, heldur eru framlög bæjarins ætluð til einstakra verkefna. Að jafnaði eru ekki veittir ferðastyрки.
7. Gerður skal samningur milli styrkþega og Ísafjarðarbæjar um úthlutun styrkja til menningarmála. Styrkþegi skal skila upplýsingum um framkvæmd verkefnisins í síðasta lagi ári eftir að samningur um verkefnið var undirritaður.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 8. maí 2014

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri